

Ræða Aðalstein Þorsteinssonar forstjóra á ársfundi Byggðastofnunar 11. júní 2010

Fundarstjóri, ráðherra góðir fundarmenn.

Við lifum nú einkennilega og erfiða tíma í byggðum landsins. Eldgos hefur valdið miklum erfiðleikum á Suðurlandi sem ekki sér fyrir endann á, og nú hefur hrossapest valdið því að fresta verður landsmóti hestamanna með tilheyrandi tekjutapi í greininni og hjá ferðaþjónustuaðilum. Allt kemur þetta ofan í miklar þrengingar í efnahagslífi þjóðarinnar í kjölfar bankahrunsins árið 2008. Það er ekki laust við að það hvarfli af manni að verið sé að reyna okkur. Ofan í þetta þá leiða ný afstaðnar sveitarstjórnarkosningar í ljós mikið vantraust í stjórnámálum landsins. Þar sem í boði er „eitthvað annað“ en gömlu flokkarnir er því tekið fagnandi. Það má því segja að við búum að einhverju leyti við pólitíska upplausn.

Úr ársreikningi 2009

Rekstrartekjur (mkr.)	2009	2008
Vaxtatekjur	1.979	1.972
Vaxtagjöld	1.294	1.512
Hreinar vaxtatekjur	684.6	459.6
Framlag frá ríkissjóði	431.7	505.1
Gengismunur	41.1	711.1
Aðrar tekjur	36.3	14.2
Hreinar rekstrartekjur	1.193.8	1.690.1
Rekstrargjöld (mkr.)	2009	2008
Styrkir og framlög til atv.þróunarf.	214.1	279.6
Rekstrarkostnaður	267.3	276.6
Afskriftir rekstrarfjármuna	6.0	1.4
Framl. í afskriftarreikn.	3.720	1.660
Samtals rekstrargjöld	4.208	2.218
Hagnaður (tap) ársins	(3.014)	(527,9)



Árið 2009 var bæði erfitt og viðburðaríkt fyrir starfsfólk og viðskiptavinum Byggðastofnunar. Afleiðingar bankahrunsins koma fram með fullum þunga þessa mánuðina, þegar ekki verður lengur komist hjá því að taka á vandamálunum sem sett voru í frest í árslok 2008. Þetta hefur auðvitað mikil áhrif á rekstur og efnahag Byggðastofnunar, að ekki sé nú talað um viðfangsefni hennar og skjólstæðinga. Starfsfólk og stjórn Byggðastofnunar hefur þurft að takast á við erfið úrlausnarefni og sýnt dugnað og lipurð í störfum sínum. Starfsskilyrði atvinnulífsins á starfssvæði Byggðastofnunar voru erfið á árinu, háir vextir og veikburða bankþjónusta, gjaldeyrishöft og fleira var fyrirtækjunum þungt í skauti.

Eins og hér má glöggjt sjá þá varð mjög verulegt tap af rekstri stofnunarinnar árið 2009, eða rétt rúmir 3 milljarðar króna. Ég lét þess getið þegar kynntur var ársreikningur ársins 2008 að árið 2009 yrði árið þar sem afleiðingar af hrúni bankanna kæmu fram hjá Bygðastofnun af miklu meiri þunga. Mér sýnist það ganga eftir.

Hér er nauðsynlegt að minnst þess að Bygðastofnun starfar ef svo má segja á útjaðri íslensks lánamarkaðar, almennt á eftir bönkunum í veðröð, með meiri áhættu. Það er því ljóst að gjaldþrot bankakerfisins veldur Bygðastofnun miklum vanda. Langstærsti orsakavaldur þeirrar niðurstöðu sem hér er kynnt, er eins og hér má sjá framlög í afskriftarreikning á árinu upp á 3,7 milljarða. Hér er rétt að geta þess að endanlega töpuð útlán nema þó ekki „nema“ 430 mkr. sem er vissulega há fjárhæð, en þó ekki svo mjög í sögulegu samhengi og hefur oft verið mun hærri. Að öðru leyti er um að ræða varúðarfærslur vegna aukinnar áhættu í útlánasafninu. Fall fjármálakerfisins hefur valdið Bygðastofnun miklum bú sífjum, og nemur beint tap stofnunarinnar á undanförunum 2 árum vegna gjaldþrots banka og sparisjóða eitt og sér rétt tæpum 2 milljörðum króna. Er þar um að ræða annars vegar útlánatap vegna lána til landsbyggðarsparisjóðanna, og tap á innistæðum á peningamarkaðsreikningum.

Jákvæðu fréttirnar eru þó þær að hreinar vaxtatekjur stofnunarinnar hækka á milli ára um 225 mkr, og að tekist hefur að lækka rekstrarkostnað eins og mælt var fyrir um.

Áfram verður krafist aðhalds í rekstri stofnana ríkisins, og vænta má enn frekari niðurskurðar. Það er von mín að okkur takist að mæta þeim kröfum án mjög mikillar röskunar á starfsemi stofnunarinnar.

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir (mkr.)	2009	2008
Handbært fé	2.167	2.472
Útlán og fullnustueignir	17.763	19.703
Hlutabréf	1.054	1.064
Aðrar eignir	2.729	68
Eignir alls	23.714	23.308

Skuldir og eigið fé		
Lántökur	22.438	21.661
Aðrar skuldir	145	103
Lífeyrisskuldbindingar	0	0
Eigið fé	1.130	1.544
Skuldir og eigið fé	23.714	23.308

Ábyrgðir	368	363
Eiginfjárlutfall	4.92%	2.80%



Ef við lítum þá á efnahagsreikninginn í árslok 2009 þá sjáum við að eignir stofnunarinnar nema nú alls tæpum 24 milljörðum króna. Efnahagsreikningurinn hefur þanist út frá árinu 2007, en þá stóð hann í árslok í rúmum 12 milljörðum. Eiginfjárlutfall Byggðastofnunar hefur hækkað og er um áramót 4,92%, en það er þó langt fyrir neðan þau mörk sem áskilin eru í lögum um fjármálafyrirtæki. Eftir útlánatöp og afskriftir í kjölfar efnahagshrunsins, og þá hækkun sem fall krónunnar framkallaði á útlánasafninu féll eiginfjárlutfallið niður fyrir lögbundið lágmark sem er 8%.

Í desember 2009 ákvað Alþingi að auka eigið fé Byggðastofnunar um 2,6 m.kr. samkvæmt fjárukalögum 2009 og með allt að 1,0 m.kr. framlagi á fjárlögum 2010. Hluti þessarar heimildar verður nýttur með þeim hætti að ríkissjóður kaupir af Byggðastofnun stofnfé sem stofnunin kann að eignast í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar sparisjóða, en upphæðin er að öðru leyti greidd sem nýtt eiginfjárframlag í formi skuldabréfa útgefnum af ríkissjóði. Miðað er við að þessi aðgerð skili eiginfjárlutfalli á bilinu 9-10% í árslok 2010.

Spyrja má hvort það nægi stofnuninni við þær aðstæður sem nú eru í samfélaginu. Ef við lítum til þeirra viðmiða sem sett voru við endurreisn banka og sparisjóða þá var þar miðað við að eiginfjárlutfall þeirra færi allt upp undir 20% með framlagi ríkissjóðs. Það var talið nauðsynlegt í ljósi erfiðs rekstrarumhverfis. Það er ljóst í mínum huga að við núverandi aðstæður mun áfram verða erfitt næstu misseri að reka Byggðastofnun með 9-10% hlutfalli eiginfjár, enda eru útlánatöp hlutur sem erfitt er að áætla inn í framtíðina.

Þá er eiginfjárukningin ekki meiri en svo að hún gefur lítið svigrúm til niðurfærslu á lækkun á höfuðstóli erlendra lána sem hækkuðu gríðarlega við fall krónunnar. Við höfum séð undanfarnar vikur að bankarnir eru farnir að feta sig inn á þessar brautir í meira mæli. Staða þeirra til þess er ólík okkar að því leyti að þeir fengu lánasöfn sín úr þrotabúum gömlu bankanna á afslætti eins og við þekkjum. Þeir hafa því svigrúm til þessara athafna. Það höfum við ekki. Nýsamþykkt eiginfjárukning Byggðastofnunar er ekki meiri en svo að hún leyfir ekki slíkt í neinu magni. Þetta er bagalegt, því það er augljóst að fráleitt er að breyta gengisláni í íslenskar krónur án verlegrar niðurfærslu á höfuðstól. Ella lokast lántakinn inni í gengisfallinu út lánstímann.

Það er því niðurstaða mín að eiginfjárlutfall Byggðastofnunar hefði þurft að vera hærra til að mæta þeim aðstæðum sem nú eru uppi í samfélaginu. Þá er í því fólgin mikil þverstaða að ekki gengur upp að ætlast til þess að Byggðastofnun taki meiri áhættu í útlánum sínum en aðrar lánastofnanir m.t.t. byggðasjónarmiða, en eigi á sama tíma að uppfylla allar sömu reglur um lágmarks eigið fé og bankar og sparisjóðir.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar

„svo virðist sem Byggðastofnun hafi tamið sér varkárari vinnubrögð við lánveitingar heldur en ýmsar fjármálastofnanir á undanförunum árum. Þannig veitti hún aðeins lán til svokallaðra „rekstrarfélaga“ en ekki til eignarhalds- og fjárfestingarfélag. Lán stofnunarinnar voru veitt til að standa undir kaupum á fasteignum, áhöldum og tækjum til atvinnurekstrar viðkomandi aðila og í nokkrum tilvikum til að breyta óhagstæðum skammtímaskuldum í lengri lán. Ekki tíðkaðist að veita lán til kaupa í beinu fjárfestingaskyni á hlutabréfum og fasteignum. Þá er ekki ósennilegt að það verkleg Byggðastofnunar að leggja strax við lánveitingu mat á útlánaáhættu (og færa þá framlag á afskriftareikning) geri það að verkum að starfsmenn hennar hafi verið meira vakandi fyrir slíkri áhættu.“



Í aðdraganda þeirrar ákvörðunar Alþingis að auka eigið fé stofnunarinnar fór Byggðastofnun þess á leit við Ríkisendurskoðun að gerð yrði úttekt og greining á efnahagsreikningi og eignasafni stofnunarinnar. Fór sú vinna fram í október og nóvember 2009, og voru niðurstöður Ríkisendurskoðunar mjög jákvæðar fyrir Byggðastofnun. Þar segir m.a.:

„útlánatöp Byggðastofnunar virðast lægri en margra annarra lánastofnana þegar horft er til framlaga á afskriftarreikning. Ástæða er til að staldra aðeins við þessa staðreynd því fyrirfram hefði mátt búast við að lánveitingar Byggðastofnunar væru áhættusamari en margra annarra. Það felst enda í reynd í hlutverki stofnunarinnar að hún veitir lán til aðila, m.a. á landsbyggðinni, sem ekki hafa aðgang að lánsfé í gegnum aðrar lánastofnanir á viðráðanlegum kjörum“

Á þessu má að mati Ríkisendurskoðunar finna þá skýringu:


„að svo virðist sem Byggðastofnun hafi tamið sér varkárari vinnubrögð við lánveitingar heldur en ýmsar fjármálastofnanir á undanförunum árum. Þannig veitti hún aðeins lán til svokallaðra

„rekstrarfélaga“ en ekki til eignarhalds- og fjárfestingarfélaga. Lán stofnunarinnar voru veitt til að standa undir kaupum á fasteignum, áhöldum og tækjum til atvinnurekstrar viðkomandi aðila og í nokkrum tilvikum til að breyta óhagstæðum skammtímaskuldum í lengri lán. Ekki tíðkaðist að veita lán til kaupa í beinu fjárfestingaskyni á hlutabréfum og fasteignum. Þá er ekki ósennilegt að það verklag Byggðastofnunar að leggja strax við lánveitingu mat á útlánaáhættu (og færa þá framlag á afskriftareikning) geri það að verkum að starfsmenn hennar hafi verið meira vakandi fyrir slíkri áhættu.“

Jafnframt liggur fyrir að fyrirkomulag launa og annarrar umbunar til starfsmanna Byggðastofnunar er ólíkt því sem tíðkaðist hjá öðrum lánastofnunum og hvatti ekki til „áhættuhegðunar“ við útlán.

Veitt lán 2009

Lánveitingar 2009 skipt eftir atvinnugreinum og landshlutum (þús.kr.)




Á árinu 2009 voru veitt ný lán upp á 1,2 milljarða til 53 fyrirtækja. Þetta er veruleg lækkun frá fyrra ári þegar ný lán námu tæpum 4 milljörðum króna. Á þessu er sú megin skýring að þessa mánuðina er almennt mjög lítil eftirspurn eftir nýjum lánnum. Ástæðurnar eru margar og öllum kunnar. Aðstæður í rekstri fyrirtækja eru nú mjög erfiðar. Fyrirtækin einbeita sér að því að laga til í sínum rekstri og lækka kostnað. Eigið fé þeirra hefur rýrnað og í mörgum tilvikum gufað upp. Innflutningur er lítill og dýr. Hvati til að leggja fé í ný verkefni er því lítill. Þá virðast margir bíða þess að kaupþækifæri myndist í kjölfar skipta á gjaldþrota fyrirtækjum. Framkvæmdir á vegum opinberra aðila hafa dregist stórkostlega saman, og ekki lítur út fyrir ný verkefni alveg í bráð.

Fjölmörgum fyrirtækjum er nú haldið lifandi í öndunarvélum lánastofnana. Hætt er við að það raski samkeppnisstöðu og tefji fyrir nauðsynlegri enduruppbyggingu. Með þessum hætti eru lánastofnanirnar að gæta hagsmuna sinna sem lánveitendur og

hámarka endurgreiðslur þeirra lána sem fyrirtækjunum hafa verið veitt. En um leið er lánastofnunin orðin þátttakandi í samkeppni á þeim markaði sem viðkomandi fyrirtæki starfar á. Inngrip af þessu tagi eru auðvitað ekki ný af nálinni, en það sem sérstakt nú er auðvitað umfang þeirra sem er bein afleiðing af efnahagshruninu.

Samkeppniseftirlitið hefur sett fram sjónarmið sem hafa verði í huga við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja í kjölfar bankahrunsins og ætlað er að fyrirbyggja að fyrirtæki í eigu lánastofnana raski samkeppni og valdi þannig fyrirtækjum á samkeppnismarkaði sem ekki eru í slíkri stöðu tjóni. Bendir eftirlitið á að nauðsynlegt sé að draga lærdóma af reynslu annarra þjóða í þessum efnum, og að mikilvægt sé að óhagkvæmum fyrirtækjum sem ekki geta borið sig sé ekki haldið lifandi án þess að eiginlegar rekstrarforsendur séu fyrir hendi, en slíkt valdi á endanum viðkomandi lánastofnun miklum skaða auk skaðlegra áhrifa á samkeppni. Þá er á það bent að nauðasamningar geti haft þau áhrif að fyrirtæki verði samkeppnishæfara vegna afskrifta á skuldum. Mikilvægt sé að verja samkeppni á krepputímum vegna mikilvægis hennar fyrir heilbrigt atvinnulíf og velferð neytenda.



Hér sjáum við hvernig útlánasafn Byggðastofnunar lítur út í heild sinni 31. desember 2009. Súlurnar sýna skiptingu þess eftir atvinnugreinum á landshluta, og granna línan fjölda lántaka á hverju svæði. Það er álit mitt að útlánasafnið endurspegli ágætlega aðstæður í atvinnulífi á landsbyggðinni. Lántakendur eru tæp 600 fyrirtæki og nemur útlánasafnið 17,4 milljörðum króna.

Þörf á stefnumótun til framtíðar

- Miklar yfirvofandi breytingar í samfélaginu m.a. vegna samdráttar.
- Boðaðar breytingar á stjórnarráðinu – byggðamál → Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis → Innanríkisráðuneytis.
- Aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.
- Hlutverk stofnunarinnar er almennt orðað í lögum og reglugerð.
- Stofnunin þarf að vera viðbúin og taka frumkvæði.



Undanfarnar vikur hefur staðið yfir vinna stjórnar og starfsfólks að stefnumótun fyrir Byggðastofnun.

Miklar breytingar blasa nú við á ytra umhverfi Byggðastofnunar, en boðaðar hafa verið breytingar á skipan verkefna stjórnarráðsins og að verkefni Byggðastofnunar kunni að færast á milli ráðuneyta. Þá hefur ríkisstjórn Íslands á grundvelli samþykktar Alþingis sótt um aðild að Evrópusambandinu, og það kallar á að stofnunin undirbúi sig undir það, hvort sem aðild verður á endanum samþykkt eða ekki. Byggðamál eru einn allra stærsti málaflokkur Evrópusambandsins, og Íslendingar eru nú þegar þátttakendur í fjölda verkefna sem rekin eru á vegum byggðastefnu sambandsins.

Þá hefur opinbert stoðkerfi atvinnulífsins á Íslandi þanist út á undanförunum misserum. Fleiri aðilar og stofnanir koma nú að málum en áður, og í einhverjum tilvikum er um skörun að ræða í verkefnum og viðfangsefnum. Þá blasir einnig við mikill niðurskurður ríkisútgjalda á næstu misserum. Þetta kallar á nýjar áherslur og ný

vinnubrögð af hálfu Byggðastofnunar þar sem skýr framtíðarsýn er lykilatriði til að nýta megi sem best þær takmörkuðu auðlindir sem stofnunin hefur yfir að ráða.

Stefnumótun

Markmið Byggðastofnunar eru að:

- A. Efla búsetu á starfssvæði stofnunarinnar.
- B. Vera leiðandi í stefnumótun og framkvæmd byggðamála.
- C. Að starfshættir Byggðastofnunar séu til fyrirmyndar.

Kjarnagildum sem höfð eru að leiðarljósi í allri starfsemi Byggðastofnunar er lýst í siðareglum stofnunarinnar. Forsendur siðareglna Byggðastofnunar eru:

- A. jafnræðisregla,
- B. góð stjórnábyrging,
- C. málefnalegt gegnsæi og,
- D. fyllstu þjónustugæði.



Byggðastofnun hefur nú starfað í 25 ár á grundvelli núgildandi skipulags, með smávægilegum breytingum árið 1999, en þá var stofnunin færð á forræði iðnaðarráðherra, en heyrði áður undir forsætisráðuneytið. Það er langur tími og því eðlilegt að hugað sé að breytingum. En markmið þeirra verða að vera ljós og framtíðarsýnin skýr.

Niðurstöður stefnumótunarvinnunnar verða kynntar innan skamms, en þær munu byggja á þeim meginforsendum sem hér koma fram.

Ýmis önnur verkefni

Hagþróun svæða – landshlutareikningar

Samstarf við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um vöktun á hagþróun einstakra landshluta.

Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða

Samstarf við atvinnuþróunarfélögin um athugun á eiginlegum vinnusóknarsvæðum.

Ætti að nýtast sem verkfæri til langtímastefnumótunar, því varasamt getur verið að miða við einstök sveitarfélög eða landshlutamörk.

Eyrarrósir 2010

Bræðslan á Borgarfirði Eystra.



Góðir fundarmenn. Á árinu 2009 hefur verið unnið að fjölda verkefna á þróunarsviði Byggðastofnunar, og er gerð ýtarleg grein fyrir því sem þar bar helst í ársskýrslunni sem þið hafið í fundargögnunum.

Ég læt nægja að taka hér þrjú dæmi:

Þróunarsvið Byggðastofnunar hefur nokkur undanfarin ár í samstarfi við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands reiknað og fylgst með hagvexti í einstökum landshlutum, og hafa niðurstöðurnar verið birtar árlega í skýrsluformi. Það er ekki vafi á því í mínum huga að þetta hefur haft jákvæð áhrif í átt til upplýstari umræðu um byggðamál á Íslandi.

Lengi hafa menn velt fyrir sér hver séu eiginleg vinnusóknarsvæði, þ.e. hve langt er fólk í raun reiðubúið að sækja vinnu frá heimili sínu. Við stefnumótunarvinnu og mat á aðstæðum byggðanna geta landshlutar og sveitarfélög verið varasöm viðmiðunarsvæði. Skerðing veiðiheimilda getur t.d. verið stórmál í sjávarþorpi, þó störfir þar séu svo lítil hluti af öllum störfum í landshlutanum að alvara málsins komi ekki fram á þeim grunni. Við höfum því viljað skoða frekar eiginleg vinnusóknarsvæði og greina aðstæður út frá þeim. Þetta

hefur verið unnið þannig að starfsfólk atvinnuþróunarfélaganna hefur hvert á sínu svæði kannað þær vegalengdir sem fólk er að ferðast til og frá vinnu dag hvern. Niðurstöðurnar birtast svo á korti sem sjá má í ársskýrslunni, og á heimasíðu stofnunarinnar. Verkið er í mótun og þykir okkur eftirsóknarvert að fá athugasemdir og ábendingar þar að lútandi.

Eyrarrósinn er samstarfsverkefni Byggðastofnunar, Listahátíðar í Reykjavík, og Flugfélags Íslands. Markmiðið með Eyrarrósinni er að efla fagmennsku og færni við skipulagningu menningarlífs og listviðburða á landsbyggðinni, auka kynningarmöguleika einstakra sveitarfélaga og landshluta og skapa sóknarfæri á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu á landsbyggðinni. **Tónlistarhátíðin Bræðslan á Borgarfirði eystra** hlaut verðlaunin árið 2010. Bræðslan er haldin árlega í húsi gamallar síldarbræðslu Kaupfélags Héraðsbúa, sem breytt hefur verið í tónleikahús. Hátíðin hefur vaxið jafnt og þétt og á síðasta ári voru gestir Bræðslunnar um tvö þúsund talsins. Aðalsmerki Bræðslunnar er hin einstaka stemning sem myndast í síldarbræðslunni á tónleikakvöldinu sjálfu. Með alúð við skipulagningu hátíðarinnar og metnaði stjórnenda hefur Bræðslunni tekist að efla menningarlíf, mannlíf og ferðaþjónustu svæðisins og virkjað sköpunargleði og samtakamátt íbúa Borgarfjarðar eystra. Þannig hefur þessu samstarfsverkefni nokkurra heimamanna tekist að skapa Borgarfirði eystra fastan sess í tónleikaflóru sumarsins og varanlegt sóknarfæri á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu.

Takk fyrir

Aðalsteinn Þorsteinsson
forstjóri Byggðastofnunar
Byggðastofnun
Ártorg 1, IS 550 Sauðárkrúkur

Sími: +354 455 5400 Fax. +354 455 5499
adalsteinn@byggdastofnun.is
Homepage: <http://www.byggdastofnun.is>

